



Almannavarnir Árnæssýslu

1. fundur Almannavarnarnefndar Árnæssýslu, haldinn föstudaginn
16. september 2022 kl: 13:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt:

Sveitarfélagið Árborg	Fjóla St. Kristinsdóttir
Hveragerðisbær	Geir Sveinsson
Grímsnes og Grafningshreppur	Iðá Marsibil Jónsdóttir
Hrunamannahreppur	Aldís Hafsteinsdóttir
Flóahreppur	Hulda Kristjánsdóttir
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Haraldur Þór Jónsson
Bláskógabyggð	Ásta Stefánsdóttir
Lögreglan á Suðurlandi	Grímur Hergeirsson
Lögreglan á Suðurlandi	Oddur Árnason
Lögreglan á Suðurlandi/AÁ	Björn Ingi Jónsson
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Axel Björgvin Höskuldsson
Almannavarnir/Brunavarnir Árnæssýslu	Pétur Pétursson
Brunavarnir Árnæssýslu	Lárus Kristinn Guðmundsson
Brunavarnir Árnæssýslu	Unna Björg Ögmundsdóttir (fundarritari)

Grímur Hergeirsson, lögreglustjóri, setur fundinn.

1. Kosning formanns.

Grímur óskar eftir framboði til formennsku nefndarinnar, fundarmenn stinga upp á Fjólu Steindóru Kristinsdóttir sem formanni nefndarinnar. Samþykkt samhljóða og Fjóla tekur við fundarstjórn.

2. Kosning í önnur embætti.

Fjóla óskar eftir framboði í önnur embætti og stingur uppá Ástu Stefánsdóttur sem varaformanni og er það samþykkt samhljóða. Stungið er uppá að Geir Sveinsson verði ritari og er það samþykkt samhljóða. Framkvæmdaráð Almannavarna Árnæssýslu er þá skipað þeim Fjólu, Ástu og Geir.

3. Fjárhagsáætlun.

Pétur kynnti gildandi fjárhagsáætlun Almannavarna Árnæssýslu 2022 og hvað þarf að hafa í huga fyrir gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2023 sem framkvæmdaráðið kemur til með að gera.

4. Helstu verkefni

Björn Ingi kynnti samstarfsverkefni Almannavarna á Suðurlandi og helstu verkefni hans sem starfsmanns.

5. Önnur mál

Ásta, fráfarandi formaður, tók til máls og hvatti fundarmenn til að kynna sér þær viðbragðsáætlanir sem gerðar hafa verið fyrir svæðið. Ásta og Grímur óskuðu eftir áframhaldandi góðu samstarfi innan hópsins enda þurfa allir á öllum að halda. Umræður um mikilvægi góðs samstarfs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:45.